

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Fyrirspurn um afgreiðslutíma fagráða.

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 18. maí 2015 samþykkti ráðið að kallað yrði eftir skriflegum svörum frá fagráðum borgarinnar um afgreiðslutíma tillagna og fyrirspurna.

Fyrirspurn þess efnis var send formönnum allra fagráða 2. júlí 2015 og hún ítrekuð 27. ágúst 2015.

Spurt var um afgreiðslutíma tillagna og fyrirspurna sem lagðar höfðu fram af fulltrúum fagráðanna á tímabilinu 16. júní 2014 til 15 júní 2015.

Svör bárust frá mannréttindaráði, skóla- og frístundaráði, velferðarráði, íþróttá- og tómstundaráði og stjórnkerfis- og lýðræðisráði. Svör bárust ekki frá umhverfis- og skipulagsráði og menningar- og ferðamálaráði.

Alls höfðu verið lagðar fram af fulltrúum ráðanna 74 tillögur á tímabilinu og 47 fyrirspurnir. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda tillagna og fyrirspurna, upplýsingar um lengsta tíma, stysta tíma og meðaltíma. Meðaltími er reiknaður út með óafgreiddum tillögum og fyrirspurnum inniföldum – og var afgreiðslutími óafgreiddra miðaður við dagsetningu fyrirspurnar til fagráða, eða 2. júlí 2015.

Taka ber fram að enginn samanburður er gerður á efni tillagna og fyrirspurna og hvort bíða hafi þurft eftir upplýsingum frá öðrum. Tími er mældur í dögum en yfirleitt funda fagráð á tveggja vikna fresti, umhverfis- og skipulagsráð fundar þó vikulega.

Tafla 1.1.

Tillögur lagðar fram af fulltrúum 16.06.14 – 15.06.15

	Heildarfjöldi tillagna	Stysti tími	Lengsti tími	Óafgreiddar tillögur	Meðaltími (með óafgr.)
Mannréttindaráð	4	0	0	0	0
Skóla- og frístundaráð	19	0	161	0	32
Velferðarráð	14	0	105	1	33
Íþróttá- og tómstundaráð	23	0	28	1	14
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð	14	0	140	1	19
Samtölur	74			3	
Meðaltal ráða	15			1	22

Tafla 1.2
Fyrirspurnir lagðar fram af fulltrúum 16.06.14 – 15.06.15

	Heildarfjöldi fyrirspurna	Stysti tími	Lengsti tími	Óafgreiddar fyrirspurnir	Meðaltími (með óafgr.)
Mannréttindaráð	4	28	35	1	29
Skóla- og frístundaráð	23	14	140	3	70
Velferðarráð	5	0	49	0	24
Íþróttá- og tómstundaráð	14	14	80	1	39
Stjórnkerfis- og lýðræðisráð	1	28	28	0	28
Samtölur	47			5	
Meðaltal ráða	9			1	58

Virðingarfyllst,

Ásta Guðrún Beck
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara